



Minnisblað starfsmanna (innra vinnuskjal)

Móttakandi: Velferðarnefnd Hornafjarðar
Varðandi: Staða innleiðingar farsældarlaga
Máls nr.:202111060
Dags.:13.01.2022
Höfundur: Erla Björg Sigurðardóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 voru samþykkt 11. júní 2021. Um er að ræða kerfisbreytingar með markmiði að tryggja að börn og fjölskyldur þeirra fái nauðsynlega þjónustu snemma og verði ekki send á eigin ábyrgð milli aðila innan sveitarfélaga og ríkisstofnana án aðstoðar. Skóla-og frístundasvið og velferðarsvið hafa unnið að undirbúningi innleiðingar á lögnum og hefur verið stofnaður verkefnishópur til þessa verkefnis. Í verkefnishóp sitja fulltrúar leik, grunn- og framhaldsskóla, velferðarsviðs og heilsugæslu.

RR ráðgjöf (<https://rrradgjof.is/>) hefur verið fengin til að aðstoða við fyrstu skref innleiðingarinnar og mun leiða vinnu verkefnishópsins frá því nú í janúar fram í aprílmánuð. RR ráðgjöf er ráðgjafafyrirtæki með sérþekkingu á stjórnarsýslu, rekstri og málefnum sveitarfélaga. RR ráðgjöf sinnir verkefnum sem varða stjórnarsýslu, stjórnun, rekstur og stefnumótun. Samstarfsaðilar RR ráðgjafar eru á sviði félagsráðgjafar, lögfræði, fjármála, vinnusálfræði, verkfræði, almannatengsla og arkitekturs.

Verklýsing

Verkefninu er skipt upp í eftirfarandi verkþætti:

1. Verkefnisstjórn
2. Flokkun þjónustupátta á þrjú þjónustustig
3. Stöðumat og úrvinnsla þjónustupátta
4. Stjórnskipulag og verklag skilgreint
5. Verkefnislok

Gert er ráð fyrir að ráðgjafi RR ráðgjafar fundi sex sinnum með verkefnishópi á verkefnistímanum. Fundir verði að jafnaði í fjarfundabúnaði, en gert ráð fyrir tveimur fundum í Hornafirði. Haldnar verða tvær vinnustofur með öllu starfsfólki velferðarsviðs og fræðslusviðs, stjórnendum skóla og öðrum sérfræðingum sveitarfélagsins. Lagt er til að bjóða fulltrúa lögreglu, heilsugæslu og ungmennaráðs til þátttöku á vinnustofunum. Gert er ráð fyrir því að báðar vinnustofurnar verði haldnar rafrænt. Mögulega er hægt að halda seinni vinnustofuna í Hornafirði. Á fyrri vinnustofu verða allir þjónustupættir sveitarfélagsins dregnir fram. Afurð verkþáttarins verður yfirlit yfir alla þjónustupætti. Á síðari vinnustofu verður þátttakendum raðað í hópa og þjónustupættirnir flokkaðir eftir 1., 2. og 3. stigi samkvæmt nýju lögnum. Að því loknu mun verkefnishópur funda og draga saman endanlega flokkun þjónustupátta. Afurð verkþáttarins verður tillaga að



stigskiptingu þjónustu til farsældar fyrir börn. Stöðumat fer annars vegar fram með rýni fyrirbyggjandi upplýsinga og hins vegar á vinnustofum. Lagt verður mat á stöðu sveitarfélagsins og niðurstaða kynnt fyrir verkefnishópi á fundi. Á grunni greininga munu ráðgjafar gera tillögu til verkefnishópsins að breytingum á verklagi og mögulega stjórnskipulagi sem mætir samþættri þjónustu við börn. Áætlað er að verkefnislok verði fyrir páska. Ráðgjafar taka saman yfirlit yfir feril verkefnisins, árangur og lærdóm. Ákveði bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar að gera breytingar á stjórnskipulagi og/eða verklagi býður RR ráðgjöf upp á aðstoð við innleiðingu og að undirbúa nauðsynleg gögn til formlegrar staðfestingar í bæjarstjórn og eftir atvikum hjá sveitarstjórnarráðuneyti.